

REGLUGERÐ

um héraðslögreglumenn og aðra afleysingamenn í lögreglustarfi.

I. Hlutverk og starfssvið.

1. gr.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum, þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

2. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að ráða allt að 8 héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu.

3. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að ráða til afleysingastarfa menn, sem starfa eiga um tiltekinn afmarkaðan tíma, t. d. í sumarleyfum, í veikindaforföllum, meðan lögreglumaður sækir lögregluskóla o. s. frv.

Einnig er lögreglustjóra heimilt að fá héraðslögreglumenn til aðstoðarstarfa þegar vinnuálag er mest.

II. Ráðning, menntun og starfskjör héraðslögreglumanna.

4. gr.

Héraðslögreglumenn skulu sækja um starfa á eyðublöðum um lögreglustarf.

5. gr.

Eigi skal ráða til héraðslögreglustarfa aðra en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa gott mannorð, eru kunnir að reglusemi og háttvísi, enda séu þeir heilbrigðir andlega og líkamlega. Þeir skulu hafa lokið prófi úr 9. bekk grunnskóla, eða hafa sambærilega menntun.

6. gr.

Reynslutími héraðslögreglumanna skal vera 4 mánuðir og á þeim tíma skulu þeir, sé þess nokkur kostur, sækja námskeið fyrir héraðslögreglumenn, sem haldið er á vegum Lögregluskóla ríkisins.

7. gr.

Að loknum reynslutíma skal tekin ákvörðun um ráðningu í starfið. Skal valnefnd lögregluskólans veita hlutaðeigandi lögreglustjóra umsögn um hann, enda hafi hann lokið námskeiði.

8. gr.

Gera skal skriflega ráðningarsamninga við héraðslögreglumenn og skal dómsmálaráðuneytið staðfesta þá. Þeir skulu gilda til tveggja ára, en framlengjast ef þeim er ekki sagt upp með 3 mánaða fyrirvara.

9. gr.

Fyrir þá kvöð, sem hvílir á héraðslögreglumönnum, að þurfa ávallt að vera reiðubúnir að sinna verkefnum, skulu þeir fá sérstaka þóknun, er greiðist eftir á tvisvar á ári, í júní og desember. Skal þóknunin nema fjárhæð er samsvarar 120 vaktálagsstundum með 33% álagi samkvæmt 9. launaflokk BSRB í hvort sinn.

Að öðru leyti skulu þeir fá greitt fyrir unnar vinnustundir.

10. gr.

Héraðslögreglumönnum skal afhentur einkennisfatnaður og annar nauðsynlegur búnaður, þegar skriflegur ráðningarsamningur er gerður við þá. Um einkennisföt, klæðaburð og búnað þeirra gildir reglugerð nr. 255/1980, nema hvað varðar húfumerki í 2. tl. 5. kafla reglugerðarinnar. Húfumerki þeirra skal vera lög-regluskjöldur.

III. Ráðning, menntun og starfskjör afleysingamanna.

11. gr.

Eigi skal ráða til afleysingastarfa aðra en þá, sem eru íslenskir ríkisborgarar, hafa gott mannorð, eru kunnir að reglusemi og háttvísi, enda séu þeir heilbrigðir andlega og líkamlega. Þeir skulu hafa lokið 9. bekk grunnskóla, eða hafa sambærilega menntun.

12. gr.

Afleysingamenn skulu sækja undirbúningsnámskeið sem haldið er á vegum Lögregluskóla ríkisins, nema það sé mjög miklum erfiðleikum bundið. Valnefnd lögregluskólans skal veita hlutaðeigandi lögreglustjóra umsögn um frammistöðu nemenda, að loknu námskeiði.

13. gr.

Gerðir skulu ráðningasamningar á þar til gerðum eyðublöðum við afleysingamenn, þegar þeir eru ráðnir til starfa.

14. gr.

Námskeið skal halda fyrir héraðslögreglumenn og afleysingamenn í lögreglustarfi. Skólanefnd Lögregluskóla ríkisins ákveður hvaða námsgreinar skulu kenndar.

IV. Réttindi og skyldur.

15. gr.

Héraðslögreglumenn og afleysingamenn í lögreglustarfi skulu teljast til lögreglumanna ríkisins og njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og fastráðnir lögreglumenn á meðan þeir gegna störfum.

Kjör aðstoðarmanna skulu ráðast af þeim kjarasamningum sem í gildi eru milli Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Héraðslögreglumenn skulu taka laun samkvæmt lægsta flokki í sérkjarasamningi Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Um kjör þeirra að öðru leyti gildir framangreindur sérkjarasamningur eftir því sem við á.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, tekur gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. maí 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóniasson.